

**Nd.**

**79. Frumvarp til laga**

**[77. mál]**

um breyting á byggingarlögum, nr. 54/1978.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristófer Már Kristinsson.

1. gr.

Á eftir 3. málsg. 9. gr. laganna komi ný málsgrein er hljóði svo:

Opinberum stofnunum, öðrum þjónustustofnunum og atvinnufyrirtækjum skal sett það skilyrði fyrir byggingarleyfi að frá lóð verði gengið svo fljótt sem kostur er og aðrar framkvæmdir leyfa. Skal gert ráð fyrir að óbyggður hluti lóðar verði skráddur gróðri svo sem unnt er.

2. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætist nýr málslíður er hljóði svo:

Undantekningarlaust skal þó fylgja umsóknum um leyfi til byggingar opinberra stofnana, annarra þjónustustofnana og atvinnufyrirtækja uppdráttur að frágangi lóðar ásamt þeim gróðri sem gert er ráð fyrir á lóðinni.

3. gr.

Á eftir 1. málsg. 12. gr. komi nýr málslíður er hljóði svo:

Rétt til að gera uppdrætti af lóðum opinberra stofnana, annarra þjónustustofnana og atvinnufyrirtækja, sbr. síðasta másl. 11. gr., hafa landslagsarkitektar eða aðrir þeir sem sérmenntun hafa í garðyrkju og skógrækt fáist ekki landslagsarkitekt til starfans.

4. gr.

Á eftir 2. málsgrein 22. gr. komi ný málsgrein er hljóði svo:

Landslagsarkitekt, eða staðgengill hans, gengur úr skugga um að lóðauppdrættir skv. 4. málsg. 9. gr. og 11. gr. séu í samræmi við lög og reglur og áritar uppdrætti áður en byggingarleyfi er gefið út. Hann hefur eftirlit með því að framkvæmdir fari að lögum og reglum og samkvæmt samþykktum uppdráttum. Hann annast þann hluta úttektar byggingarframkvæmda, er frágang lóðar varðar, við lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis og gefur út vottorð þar um samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í byggingarreglugerð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

**G r e i n a r g e r ð .**

Þær breytingar á byggðarlögum, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, eru eftirfarandi:

1. Að skilyrði fyrir leyfi til byggingar opinberra stofnana, annarra þjónustustofnana og atvinnufyrirtækja verði að gengið sé frá lóð svo fljótt sem unnt er og byggingarframkvæmdir leyfa og þeim gróðri komið þar fyrir sem kostur er að mati landslagsarkitekts eða annarra sérfróðra manna.
2. Að uppdráttur að fullfrágenginni lóð liggja fyrir við útgáfu byggingarleyfis á sama hátt og teikning af byggingunni.
3. Að gengið verði úr skugga um að frá lóð hafi verið gengið eins og lög og reglur mæla fyrir um við lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis.

Það er alkunna að slæmur frágangur lóða þjónustustofnana og atvinnufyrirtækja af öllu tagi er til mikils vansa og opinberar stofnanir eru ekki allar til fyrirmyndar að þessu leyti. Á síðustu áratugum hefur orðið gjörbreyting á viðhorfum einstaklinga til nánasta umhverfis og leitast flestir húsbyggjendur nú við að ganga frá lóðum sínum eins fljótt og kostur er. Hið sama er ekki hægt að segja um þjónustustofnanir og fyrirtæki. Þessu frumvarpi er ætlað að bæta úr því.

Með þeirri gjörbreytingu, sem orðið hefur á búsetuháttum manna á þessari öld þegar mikill hluti þjóðarinnar fór að búa í þéttbýli, hefur krafan um lifandi gróður í stað steinsteyprtar eyðimerkur þéttbýlissvæðanna orðið háværari. Menn sætta sig ekki lengur við að búa „á mölinni“ eins og það var kallað heldur vilja finna lifandi náttúru stað á því takmarkaða landi sem þeim er úthlutað. Fjölmennustu bæir landsins hafa tekið miklum breytingum í þessa átt á síðustu áratugum og gífurleg gróðurrækt hefur farið fram. Borg og bæir eru að mynda borgarlandslag og æ fleiri sérmenntaðir menn í skipulagningu þess og ræktun hafa nú komið heim frá námi erlendis. Þúsundir einstaklinga fást við ræktun umhverfisins af mikilli eljusemi, sér og öðrum til gleði og hollustu, og áhugasamir garðyrkjustjórar hafa lagt fram mikið starf, oft við naumar fjarveitingar yfirvalda og lítinn skilning.

Að þessu mikla starfi eiga yfirvöld að sjá sóma sinn í að hlúa. Á það skortir víða og mörg dæmi eru um að lóðir kringum opinberar stofnanir og fyrirtæki séu eins og ljót sár á umhverfinu. Svo mörg eru þessi dæmi að sérstaka athygli vekur ef rækt er lögð við frágang á umhverfi opinberra stofnana svo sem Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur gert við húseignir sínar fyrr og síðar. Sú stofnun hefur alltaf verið til fyrirmyndar að þessu leyti og ber stjórnendum hennar heiður fyrir það.

En tæplega verður treyst á sams konar áhuga allra þeirra sem með byggingu og rekstur þjónustustofnana fara og því telja flutningsmenn þessa frumvarps nauðsynlegt að binda ákvæði um frágang þessara umræddu lóða í lög. Í byggingarreglugerðum er fátt um ákvæði varðandi ræktun þeirra þó að ljóst sé að byggingarnefndir víða um land líti til þessara mála en það hlýtur að mestu að vera háð einstaklingsbundnum áhuga á umhverfismálum. Samfélagið úthlutar oft þessum byggingaraðilum dýrmætustu lóðum sínum enda rekstur jafnan háður því að byggingin sé miðsvæðis og aðgengileg sem flestum. Það getur því varla talist óeðlilegt þó að þeim sé gert að vera umhverfinu fremur til þryði en óþryði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélög leitist við að hafa aðgang að þjónustu þeirra manna sem hafa sérmenntað sig í skipulagi og ræktun umhverfisins, þ. e. landslagsarkitekta. Ljóst er þó að enn er skortur á þessum sérfræðingum og því er gengið út frá að aðrir kunnáttumenn um garðyrkju og skógrækt annist þessi störf fáist landslagsarkitektar ekki. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir neinni breytingu á störfum byggingarfulltrúa, heldur einungis að sérfróður maður um skipulagningu og ræktun lands verði ráðinn að þeim hluta, sem hverju sveitarfélagi hæfir, til að annast skipulagningu og eftirlit með þeim framkvæmdum sem lúta að frágangi lands sem opinberar stofnanir, aðrar þjónustustofnanir og atvinnufyrirtæki fá úthlutað.